

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 5. desember 2007 í máli nr. E-2547/2007:

**Byko hf**

*(Bjarni Þór Óskarsson hrl.)*

**gegn**

**Sigurdís Björk Baldursdóttur,**

**Páli Sigurjónssyni,**

**Kristínu Gunnarsdóttur og**

**Sigurjóni Jónssyni**

*(Herdís Hallmarsdóttir hdl.)*

Mál þetta, sem var dómtekið 28. nóvember sl. er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Byko hf., Skemmuvegi 2a, Kópavogi gegn Sigurdísi Björk Baldursdóttur, Miðkrika 1, Hvolsvelli, Páli Sigurjónssyni, Galtalæk, 851 Hellu, Kristínu Gunnarsdóttur, Kirkjuvegi 39, Vestmannaeyjum og Sigurjóni Jónssyni, Hólmgarði 54, Reykjavík, með stefnu birtri 22. 26. og 27. mars 2007.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær að stefndu verði dæmdir in solidum til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 2.417.201 kr. ásamt dráttarvöxtum frá 17. apríl 2007 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins.

Stefndu krefjast þess aðallega að þau verði sýknuð af kröfum stefnanda og þeim dæmdur málskostnaður. Til vara krefjast stefndu þess að krafa stefnanda verði lækkuð verulega og stefndu dæmdur málskostnaður.

Stefnda, Sigurdís Björk Baldursdóttir, er með gjafsókn til varnar í málinu og krefst þess að málskostnaður verði tildæmdur henni eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

*Málavextir:*

Fyrirtækið Endurreisn verktakar ehf., hefur frá árinu 2003 verið í reikningi hjá Byko hf. Ágreiningslaust er í málinu að fyrirtækið tók út vörur og þjónustu hjá

stefnanda frá desember 2005 til maí 2006 fyrir alls 4.565.024 kr.

Stefnandi hefur fengið þrjár tryggingar vegna úttekta Endurreisnar verktaka ehf. hjá stefnanda. Í fyrsta lagi var lögð fram ábyrgðaryfirlýsing, dagsett 27. júní 2003, þeirra Margrétar Sigríðar Jónsdóttur og stefnda, Sigurjóns Jónssonar, að fjárhæð 800.000 kr. Dómsmálið nr. E-2546/2007 er rekið vegna þeirrar yfirlýsingar. Í apríl 2004 var útbúin ábyrgðaryfirlýsing, er mál þetta fjallar um, að fjárhæð 3.000.000 kr. undirrituð af stefndu. Þá var útbúið tryggingabréf að fjárhæð 3.000.000 kr. en til tryggingar greiðslu var sett að veði, fasteignin að Brekkulæk 4 í Reykjavík, en veðsali er Hekla Jósepsdóttir, eiginkona Hallgríms Einars Hannessonar, annars eiganda Endurreisnar verktaka ehf. Framlagðar tryggingar vegna viðskipta Endurreisnar verktaka ehf. við stefnanda voru því að höfuðstóli 6.800.000 kr. Þann 17. apríl 2007 greiddi Hekla Jósepsdóttir 3.858.006 kr. inná kröfu stefnanda, en stefnandi veitti ennfremur afslátt af kröfunni að fjárhæð 445.576 kr. Af því tilefni var dómkrafa máls þessa lækkuð við upphaf aðalmeðferðar.

Í mars 2006 tók Endurreisn verktakar ehf. að sér, sem undirverktaki, að setja upp innréttingar í eldhús, baðherbergi og svefnherbergi í fjölbýlishúsinu að Eskivöllum 1 Hafnarfirði. Stefnandi hefur ekki greitt fyrir það verk en ágreiningur er með aðilum vegna galla á verkinu.

Hinn 28. apríl 2006 var stefndu sent innheimtubréf vegna skuldar samtals að fjárhæð 4.565.024 kr. auk vaxta og kostnaðar og tekið fram að til tryggingar skuldinni væru tryggingar samtals að fjárhæð 6.800.000 kr. Í ljósi þess að Endurreisn verktakar ehf. var með verk í vinnslu fyrir stefnanda urðu ekki frekari innheimtutilraunir að sinni.

Hinn 20. júní 2006 gerðu Endurreisn verktakar ehf. stefnanda reikning samtals að fjárhæð 10.768.386 kr. vegna uppsetninga á innréttingunum á Eskivöllum 1. Eindagi reikningsins var 30. júní 2006. Reikningurinn fór í athugun hjá stefnanda en var ekki greiddur en stefnandi telur að miklir gallar séu á verkinu. Reikningurinn var mun hærri en upphaflega var samið um og telja stefndu að það sé vegna þess að íbúðirnar hafi ekki verið í umsömdu ástandi og hafi það kallað á ýmis aukaverk.

Hinn 13. september 2006 var stefnanda síðan sent innheimtubréf.

Hinn 27. september 2006 var Endurreisn verktakar ehf. teknir til gjaldþrotaskipta.

Hinn 15. desember 2006 sendi stefnandi kröfulýsingu vegna höfuðstólsins að fjárhæð 4.565.024 kr. og hinn 18. desember sama ár var send kröfulýsing vegna bótakröfu sem stefnandi telur sig eiga vegna tjóns er hann hafi orðið fyrir af hálfu Endurreisnar verktaka ehf. vegna verkefnisins að Eskivöllum.

Hinn 12. apríl 2007 var stefna málsins lögð fram í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Hinn 17. apríl 2007 greiddi Hekla Jósepsdóttir stefnanda samtals 4.303.582 kr. vegna tryggingar sinnar.

*Málsástæður og lagarök stefnanda.*

Stefnandi byggir á því að stefndu hafi tekist á hendur sjálfskuldaábyrgð á öllum láns- og reikningsviðskiptum Endurreisnar verktakar ehf., alls að fjárhæð 3.000.000 kr. auk dráttarvaxta og alls innheimtukostnaðar, skv. ábyrgðaryfirlýsingu, dags. 5. apríl 2004. Þeim sé stefnt á grundvelli þessarar ábyrgðaryfirlýsingar þar sem skuld við stefnanda hafi ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir.

Stefnandi viðurkennir að hann hafi í mars 2006 samið við Endurreisn verktaka ehf. um uppsetningu á innréttingum í húsi við Eskivelli 1 í Hafnarfirði. Umsamið verð fyrir verkið hafi verið um það bil 2.900.000 kr. Vegna þessa verks hafi ekkert verið greitt, þar sem það hafi verið haldið verulegum göllum.

Stefnandi hafnar þeirri málsástæðu stefndu að til geti komið skuldajöfnun vegna hins ógreidda verks og þeirrar kröfu er hann hefur uppi í málinu, þar sem þrotabúið eigi kröfuna, en ekki stefndu. Því sé um aðildarskort að ræða.

Um lagarök vísar stefnandi meðal annars til laga um gjaldþrotaskipti og fleira nr. 21/1991, þ.e. 60. gr. 100. gr. 103.-105. gr., 116. gr. 122. gr. 124. gr. og 130. gr. Einnig er vísað til laga um meðferð einkamál nr. 91/1991 þ.e. 16. gr. 21. gr. 129-130. gr.

#### *Málsástæða og lagarök stefndu.*

Stefndu byggja á því að stefnandi eigi ekki kröfu á hendur stefndu. Krafa stefnanda vegna úttektanna sé greidd. Er það bæði með reikningi þeim er Endurreisn verktakar ehf. sendu stefnanda svo og greiðslu Heklu Jósefsdóttur hinn 17. apríl 2007. Í raun sé það stefnandi sem skuldi stefndu.

Stefndu telja að heimilt hafi verið að skuldajafna reikningi einkahlutafélagsins við úttektir einkahlutafélagsins og stefndu ábyrgjast með ábyrgðaryfirlýsingunni. Stefndu telja að samið hafi verið um skuldajöfnuðinn og munnlegt samkomulag sé skuldbindandi fyrir stefnanda. Þá hafi fyrirsvarsmenn einkahlutafélagsins margoft einhliða lýst yfir skuldajöfnuði frá útgáfu reikningsins og þar til bú félagsins hafi verið til gjaldþrotaskipta. Stefndu telja að einkahlutafélagið hafi fengið verkið á Eskivöllum hjá stefnanda til að vinna upp í skuld sína hjá stefnanda.

Stefndu halda því fram að öll skilyrði skuldajafnaðar sé uppfyllt. Kröfurnar séu báðar um greiðslu peninga, þær séu gildar og hæfar til að mætast. Þá hafi Hekla Jósefsdóttir greitt stefnanda samtals 4.303.582 kr. Því telja stefndu ljóst að sú skuld sem ábyrgðaryfirlýsingin tekur til sé að fullu greidd. Ber því að sýkna stefndu af kröfu stefnanda.

Til vara krefjast stefndu þess að krafa stefnanda verði lækkuð verulega og er byggt á sömu málsástæðu og fyrir sýknukröfunni. Verði ekki fallist á sýknukröfu stefndu er vaxtakröfu stefnanda einnig mótmælt. Samkvæmt orðalagi ábyrgðaryfirlýsingarinnar tekur hún til skuldar allt að fjárhæð 3.000.000 kr. Þá tekur hún einnig til lögleyfðra vaxta og dráttarvaxta af þeirri fjárhæð ef til innheimtu kemur. Í kröfu stefnanda er vöxtum bætt ofan á viðskiptaskuld félagsins við stefnanda og stöðu þeirrar skuldar. Kröfu stefnanda um að bæta megi ofan á

ábyrgðarfjárhæðina greiðslu vaxta og dráttarvaxta af viðskiptareikningnum fram að þeim tíma er ábyrgðaryfirlýsingin fór í innheimtu er mótmælt. Verður einungis gerð krafa um lögleyfða dráttarvexti af ábyrgðarfjárhæð að því leyti sem dómstóllinn fellst á þá kröfu frá þeim tíma sem ábyrgðin fór í innheimtu.

Um lagarök fyrir sýknu er vísað til meginreglna verktakaréttar, kröfuréttar og gjaldþrotaréttar um rétt til skuldajöfnunar. Þá vísast til samningalaga nr. 7/1936 um réttar samningsefndir. Krafa um málskostnað styðst við 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

#### *Forsendur og niðurstaða.*

Ágreiningslaust er í málinu að Endurreisn verktakar ehf. tók út vörur og þjónustu hjá stefnanda fyrir alls 4.565.024 kr. á tímabilinu desember 2005 til maí 2006. Vegna viðskiptanna tókust stefndu á hendur sjálfskuldaábyrgð að fjárhæð 3.000.000 kr. Endurreisn verktakar ehf. var tekið til gjaldþrotaskipta 27. september 2006. Þá er ágreiningslaust að í mars 2006 samdi stefnandi við einkahlutafélagið um uppsetningu á innréttingum í íbúðir að Eskivöllum 1, Hafnarfirði. Ágreiningur er um endurgjald fyrir verkið en stefnandi taldi í upphafi að það hafi átt að vera um það bil 2.900.000 kr. (en nú 3.170.889) en stefndu telja að endurgjaldið hafi átt að vera rúmlega 3.800.000 kr. Fyrir liggur að stefnandi telur að verkið hafi verið gallað og hefur því sent skiptastjóra bótakröfu. Stefndu telja að íbúðirnar að Eskivöllum hafi ekki verið í umsöndu ástandi og hafi verkið því orðið mun dýrara. Eins og grundvöllur málsins er lagður í stefnu, þá er allur ágreiningur um ætlaða galla varðandi verkið að Eskivöllum 1 fyrir utan mál þetta. Þá er ágreiningslaust að stefnandi fékk reikning vegna vinnunnar að Eskivöllum í júní 2006.

Ágreiningur málsins lýtur að því hvort skilyrði séu fyrir skuldajöfnuði svo sem stefndu halda fram. Eins og að framan greinir greiddi Hekla Jósepsdóttir hluta kröfunnar hinn 17. apríl sl. Við aðalmeðferð voru dómkröfur stefnanda því lækkaðar og er höfuðstóll kröfunnar nú 2.417.201 kr. miðað við 17. apríl sl. Vegna verksins að Eskivöllum 1 telur stefnandi að honum hafi borið að greiða um það bil 2.900.000 kr. Það hefur ekki verið greitt þrátt fyrir að reikningur hafi verið sendur 20. júní 2006 og innheimtubréf 13. september 2006. Fyrir liggur að með verki þessu fyrir stefnanda myndi félagið vinna upp í skuld sína. Eins og mál þetta liggur fyrir er það mat dómsins að skilyrðum skuldajafnaðar sé fullnægt. Skuldajöfnuðurinn átti sér stað áður en fyrirtækið var tekið til gjaldþrotaskipta. Þótt fyrir liggir að ágreiningur sé um hvort gallar séu á verkinu þá kemur það að mati dómsins ekki í veg fyrir það að kröfur stefnanda og Endurreisnar verktaka ehf. mættust. Með vísan til þessa var krafa stefnanda að höfuðstól 4.565.024 kr. að fullu greidd með því að Hekla Jósepsdóttir innti greiðslu sína af hendi 17. apríl sl. Ber því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda.

Með vísan til 1. gr. 130. gr. sömu laga ber stefnanda að greiða stefndu málskostnað sem þykir hæfilega ákvarðaður 600.000 kr. Þar af greiðist 150.000 kr. í ríkissjóð. Ekki hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Allur gjafsóknarkostnaður stefndu, Sigurdísar Bjarkar Baldursdóttur, þar með talin málflutningsþóknun lögmannsins, Herdísar Hallmarsdóttur hdl., sem er hæfilega

ákveðin 150.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Af hálfu stefnanda flutti málið Ásgeir Jónsson hdl.

Af hálfu stefnda flutti málið Herdís Hallmarsdóttir hdl.

Sigrún Guðmundsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

## **DÓMSORÐ**

Stefndu, Sigurdís Björk Baldursdóttir, Páll Sigurjónsson, Kristín Gunnarsdóttir og Sigurjón Jónsson skulu sýkn af kröfu stefnanda, Byko hf.

Stefnandi greiði stefndu 600.000 kr. í málskostnað. Þar af greiðist 150.000 kr. í ríkissjóð. Allur gjafsóknarkostnaður stefndu, Sigurdísar Bjarkar Baldursdóttur, þar með talin málflutningsþóknun lögmannsins, Herdísar Hallmarsdóttur hdl., 150.000 krónur kr. greiðist úr ríkissjóði.

Sigrún Guðmundsdóttir